

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um skógræktarmál og Bernarsamninginn.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Getur ráðherra staðfest að alþjóðlegu fuglaverndarsamtökin Birdlife International hafi kært íslensk stjórnvöld til skrifstofu Bernarsamningsins í Strassborg fyrir að ógna fuglastofnum með stefnu sinni í skógræktarmálum?
2. Ef svo er, í hverju felst kærán, hefur skrifstofa samningsins tekið kærana til greina og að hvaða ákvæðum samningsins lýtur kærán?
3. Hver er afstaða ráðherra í þessu máli?